

Sigmund Freud. Innlit úr heimspekilegu sjónarhorni

Sigmund Freud (1856-1939) var austurrískur læknir, geðlæknir, og upphafsmaður sálgreiningar eða sálkönnunar (psychoanalysis), sem oft og tíðum er við hann kennd. Hann var afkastamikill fræðimaður og sótti innblástur í hin margvíslegu fræði, m.a. heimspeki og fornaldarabókmenntir. Hann lést í Lundúnum.

„Ef til vill má skýra markmið sálgreiningarinnar [psychoanalysis] með því að minna á kenningu Nietzsches om ofurmennið: Bæði Freud og Nietzsche líta svo að yfirvinna þurfi andstæðuna milli hvatanna og siðferðisins. Ofurmenni Nietzsches hefur sigrast á sjálfum sér með svipuðum hætti og geðsjúklingurinn eftir vel heppnaða sálgreiningu.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 597.)

„Sú mynd sem Freud dregur af menningarsögu mannkyns á ýmislegt sameiginlegt með þeim hugmyndum sem við höfum kynnst hjá Hobbes, Locke og Rousseau. Bölsýni hans á manneðlið á sér sömuleiðis hliðstæður í hugmyndum Lúters og Hobbes um vargöld meðal manna. Sálgreiningin [psychoanalysis] varpar nýju ljósi á ákveðin vandamál í félagsfræði. Greinargerð Freuds um yfirsjálfíð fjallar á athygliverðan hátt um það sem Max Weber nefnir „veraldlegt meinlæti“..... Kenningin um, að hið illa sé hluti af eðli mannsins minnir sömuleiðis á afstöðu kalvínista og mótmælenda til manneðlisins.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 601.)

„Freud hefði áreiðanlega mótmælt því kröftuglega að vera kallaður heimspekingur. Í bréfi til vinar síns Wilhelms Fliess sagðist Freud eiginlega ekki vera vísindamaður heldur landnámsmaður (conquistador). Segja má að í sálgreiningunni hafi Freud orðið heimspekilegur landnámsmaður. Hann lagði undir sig land dulvitundarinnar.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 601.)

„Þótt finna megi að ýmsu í kenningum Freuds verður það ekki af honum skafið að hann átti stóran þátt í að draga úr þeirri dulúð sem löngum hefur einkennt hugmyndir um manneðlið.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 601.)

„Vera má að einstakar tilgátur sálgreiningarinnar eigi ýmislegt sameiginlegt með goðsögnum Hómers en það eitt réttlætir tæpast að sálgreiningunni sé vísað á bug í heild.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 602.)

„Hins vegar er athyglisvert að ýmsir merkir fulltrúar rökfræðilegrar raunhyggju (þar á með Otto Neurath og Rudolf Carnap) voru jákvæðir í garð sálgreinarinnar. Að þeirra mati voru fullyrðingar sálgreiningarinnar hvorki „óvísindalegar“ né „merkingarlausar“. ...Í lok sjötta áratugarins sagði Philipp Frank að frá sjónarhóli rökfræðilegrar raunhyggju væri engin ástæða til að fordæma sálgreininguna.

Popper fellir harðari dóm yfir sálgreiningunni. Í augum hans er það ekki styrkur sálgreiningarinnar heldur þvert á móti veikleiki hennar aðkenningar Freuds, Adlers og Jungs skuli að því er virðist hljóta staðfestingu í reynslunni og geta skýrt allt milli himins og jarðar. Röksemdafærsla Poppers er á þessa leið: Það liggur í eðli vísindakenninga að þær eru ósamrýmanlegar ákveðnum niðurstöðum (sem athuganir eða tilraunir leiða í ljós) og þær eru þar af leiðandi hrekjanlegar. Kenningar sálgreiningarinnar eru hins vegar samrýmanlegar öllum hugsanlegum staðreyndum um mannlegt atferli. (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 603.)

„Á síðustu árum ævi sinnar komst Freud að þeirri niðurstöðu að ákveðin atriði í draumum fullorðinna yrðu hvorki rakin til daglegrar reynslu þeirra né til atburða í æsku þeirra sem væru gleymdir. Ef Freud hefur á réttu að standa má ætla að allar forsendur séu brostnar undan þeirri kenningu að dulvitundin sé uppspretta draumanna. Freud dró hins vegar ekki þá ályktun. Hann setti fram hjálpartilgátu sem „bjargar“ upphaflegu kenningunni: Við hljótum að líta svo á að inntak draumanna sé hluti þeirrar ómeðvituðu arfleiddar sem barnið þiggur frá forfeðrum sínum og ber með sér í heiminn áður en það öðlast sjálft nokkra reynslu. Þessi tilgáta um meðfæddar hugmyndir er björgunaraðgerð. Hún gegnir engu öðru hlutverki en því að koma í veg fyrir að upphaflega kenningin verði afsönnuð.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 604.)

„Á grundvelli kenningar Thomas Kuhn um viðmið vísindagreina má hugsanlega segja að sálarlíkan Freuds hafi að geyma frumhugtök sem ákveði stefnu rannsóknarinnar en verða sjálf ekki prófuð í reynslunni. Frá þessum sjónarhóli hljótum við að leita að mælikvarða á nytsemi.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 606.)

„Í heimspeki samtímans hefur borið töluvert á nýjum sjónarmiðum varðandi sálgreininguna. Til dæmis hefur þýski heimspekingurinn Jürgen Habermas endurtúlkað sálgreininguna sem kenningu um „skipulega brengluð samskipti“, eins og hans kemst sjálfur að orði. Að sögn Habermas misskildi Freud eðli sálgreinarinnar. Ástæðan var sú að Freud hafði ofurtrú á aðferðum náttúruvísindanna. Sálgreiningin er ekki grein af þeim meiði heldur er hún djúp túlkunarfræði sem stefnir að skilningi á merkingu brenglaðra „texta“ (sjúkdómseinkenna, drauma og svo framvegis). Sálgreiningin verður þar af leiðandi að sameina aðferðir túlkunarfræðinnar og sálfræðilega rannsókn á dulvituðum fyrirætlunum sem síðan geta valdið ákveðinni hegðun án þess að einstaklingnum sé það ljóst, til dæmis sjúkdómseinkennum (....). Þess vegna má segja að Freud hafi þróað ákveðna djúptæka túlkunaraðferð til þess að afhjúpa skipulega brengluð samskipti og leiðréttá þau.

Við þessa lýsingu vakna flóknar spurningar um skilyrði þess að túlkun sé gild eða sönn. Frá sjónarhóli Habermas má einna helst segja að starfsemi sálgreiningarinnar miði að því sem við köllum „bætta sjálfspækingu.“ Markmiðið er að einstaklingurinn losi sig við ósannar hugmyndir um löggengi tilverunnar. Einstaklingurinn á að verða frjáls. Samkvæmt þessari lýsingu á eðli sálgreiningarinnar er hún „gagnrýnin kenning“ en ekki að meiði náttúruvísinda.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 606.)

„Enda þótt orðfæri Freuds sé annað en genginna heimspekinga, beinir hann kastljósinu samt sem áður að sömu úrlausnarefnum; sambandi hvatar, tilfinningar og skynsemi í viðleitni mannsins til að skapa sjálfum sér farsæld og hamingju. Hann virðist komast að þeirri niðurstöðu, að hið dýrslega í eðli voru „sé ekki illt í sjálfu sér, en séum við á hinn bóginn ófær um að temja hvatir okkar og langanir, munu þær valda okkur tjóni, hvort heldur í einkalífi eða á sviði samfélagsins. Bæði Aristóteles og Spinoza hefðu samsinnt þessu. Sigmundur er með öðrum orðum ósammála heimspekingum eins og Kant, sem telur langanir okkar og tilhneigingar vondar í eðli sínu. ...

Hin þríeina skipting sálarinnar í hugtakaheimi Freuds í sjálf, undir- og yfirsjálf, kipptir í kyn Platós um deildir sálarinnar – og er trúlega sótt til hans beint eða óbeint. (Anfinn Stigen. Tenkningens historie II. Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 770 til 771 – lauslega snarað af mér.)

Freud útfærir líkingu Platós um ekilinn og hestana tvo til að lýsa barnáttunni milli sjálfsins og undirsjálfsins: „Samband sjálfs og undirsjálfs dregur dóm af sambandi reiðmannsins og hestsins. Hrossið ljær hreyfingunni orku. Reiðmaðurinn er hins vegar þess umkominn að beina hinu öflugna dýri ákveðna leið. Þegar samband sjálfs og undirsjálfs er skoðað kemur ósjaldan fyrir, að reiðmaðurinn ræður ekki við einráðan reiðskjótann. Það er að sönnu óheppilegt. ...

(Myndlíking Platós er svona.) „Líkja má sálinni við tvíeyki og ekil,“ segir Sókrates í Faidros. Ekilinn táknar væntanlega viljan, en hrossin tvö, er draga eykið, eru hugsunin og þörfin – tákngervð í svörtu og hvítu hrossi. „Annar hestanna er góður og viðmótsþýður, af góðum ættum, en hinn er andstæðan. „Þess vegna er mannum torvelt að stjórna eykinu.“ Hugsunin „þarfnast ekki svipu, henni má stjórna við tilmæli og skipanir.“ Hvötin er hins vegar „sjálfræð og skammlaus“ og „hlýðir aðeins – en í mótdrægni – spora og svipu. (Anfinn Stigen. Tenkningens historie I. Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, bls. 85 til 86 – lauslega snarað af mér.)

Kenningar Freuds eru engan veginn einungis viðauki við fyrri heimspeki. Þær varpa ákveðið nýju ljósi á viss úrlausnarefni þekkingarfræðinnar, enda þótt í heimspeki Leibniz felist hugmyndir, sem minna á kenningu Freuds um hið ómeðvitaða. Hugmyndir Freuds eru eins konar andsvar við fullyrðingum öfgafullra skynsemishyggjumanna, sem viðurkenna það eitt, sem stendur þeim skýrt fyrir hugskotssjónum. Sama má um öfgafulla raunhyggjusinna segja, sem vísa á bug hugtaki, megi ekki skilyrðislaust rekja það til meðvitaðrar skynjunar.“Anfinn Stigen. Tenkningens historie II. Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 775 til 776 – lausleg þýðing er mín.)